

## 1. Almenn

Fjarðalax ehf. (kt. 641109-1770), Strandgötu 43, 460 Tálknafirði, hafði frá árinu 2014 verið með rekstrarleyfi fyrir 3.000 tonnum af laxi og 398 tonnum af þorski í Patreks- og Tálknafirði. Í dag er fyrirtækið með rekstrarleyfi til bráðabirgða fyrir 3.400 tonnum af laxi í Patreks- og Tálknafirði. Fjarðalax sótti um endurútgáfu á áður útgefnu rekstrarleyfi FE-1125 fyrir framleiðslu á 10.700 tonnum af laxi og hámarkslífmassa 12.200 tonnum í Patreks- og Tálknafirði sem Matvælastofnun gaf út í desember 2017 og var gert ógilt með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í september 2018. Umsókn um rekstrarleyfi var móttækin 26. júlí 2016 og sú umsókn var endurvakin í upphafi árs 2019. Við gildistöku nýs rekstrarleyfis Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði FE-1144 fellur eldra rekstrarleyfi til bráðabirgða úr gildi.

Hafrannsóknastofnun hefur unnið bæði burðarpólsmat og áhættumat fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarpólsmat Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Patreksfjarðarflóa er 20.000 tonn og áhættumatið gerir ráð fyrir 20.000 tonnum af frjóum laxi í fjarðakerfinu. Burðarpólsmatið fyrir firðina gerir ráð fyrir að heildarlífsmassi eldis verði aldrei meira en 20.000 tonn og að vöktun á áhrifum eldisins fari fram. Slík vöktun er forsenda fyrir hugsanlegu endurmati á burðarþoli fjarðanna, til hækkunar eða lækkunar, sem byggt yrði á raungögnum. Einnig er Hafrannsóknastofnun gert að vakta lífrænt álag þeirra svæða sem þegar hafa verið metin til burðarpóls og endurskoða matið svo oft sem þurfa þykir að mati stofnunarinnar.

Fjarðalax mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á laxi á tveimur sjókvíaeldissvæðum. Í Patreksfirði er sjókvíaeldissvæði P þar sem Fjarðalax er með þrjú eldissvæði að Eyri (Þúfneyri), Hlaðseyri og Sandodda. Í Tálknafirði er sjókvíaeldissvæði T þar sem Fjarðalax með eitt eldissvæði að Laugardal.

## 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Fjarðalax og Arctic Sea Farm lögðu fram sameiginlega matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 9. maí 2016 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 23. september 2016. Matvælastofnun veitti fyrirtækjunum rekstrarleyfi og Umhverfisstofnun starfsleyfi í desember 2017. Leyfin voru kærð og felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þau úr gildi með úrskurðum 27. september og 4. október 2018. Úrskurðarnefndin taldi annmarka hafa verið á umhverfismati framkvæmdarinnar varðandi samanburði valkosta. Þess vegna hafi matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir veitingu leyfa.

Framkvæmdaraðilar lögðu fram viðbót við fyrri frummatsskýrslu og matsskýrslu til að bæta úr þeim annmarka sem úrskurðarnefndin taldi vera á málsmeðferð framkvæmdarinnar. Þann 16. apríl 2019 lögðu Arctic Sea Farm og Fjarðalax fram matsskýrslu um valkosti vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningar á laxi í Patreks- og Tálknafirði og gaf Skipulagsstofnun út álit sitt 16. maí 2019. Í matsskýrslunni er fjallað um forsendur fyrir vali á þeim framkvæmdakosti sem fjallað var um í fyrri umhverfismati framkvæmdaraðila á árunum 2014-2016 og ástæðum þess að tilteknir valkostir komu ekki til álita á þeim tíma. Einnig er fjallað um tvo nýja valkosti hvað varðar staðsetningu eldissvæða og umhverfisáhrif þeirra borin saman við upphaflegan framkvæmdarkost. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér matsskýrslur vegna framkvæmdarinnar, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, sem og niðurstöður álita Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og telur framangreind gögn lögmætun grundvöll til leyfisútgáfu.

Við útgáfu rekstrarleyfis Fjarðalax mun Matvælastofnun notast við burðarpólsmat Hafrannsóknastofnunar sem takmarkar lífmassa í fiskeldi fyrir tiltekin svæði vegna lífræns álags. Burðarpólsmatið gerir ráð fyrir allt að 20.000 tonna sjókvíaeldi á svæðinu, en Patreksfjörður, Tálknafjörður og Patreksfjarðarflói eru metnir sem eitt fjarðakerfi. Stofnunin mun einnig fylgja áhættumati Hafrannsóknastofnunar við útgáfu rekstrarleyfisins en áhættumatið gerir ráð fyrir að ala megi að hámarki 20.000 tonn af frjóum laxi samanlagt í Patreksfirði, Tálknafirði og Patreksfjarðarflóa. Áhættumatið stuðlar að því að minnka líkur á mögulegri erfðablöndun milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Með því að stunda sjókvíaeldi sem rúmast innan burðarpólsmats og áhættumats og notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í

sjó þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Í álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji tilefni til þess að í leyfum verði kveðið á um áfangaskipta framleiðsluaukningu í fjörðunum, þ.e. að framleiðslan verði aukin í skrefum og að reynsla af starfsemi og niðurstöður vöktunar stýri ákvörðunum um að auka framleiðslu á milli kynslóðaskipta. Einnig kemur fram í álitinu að mögulegt sé að byggja upp sjókvíaelði í áföngum og láta reynslu af starfsemi og niðurstöður vöktunar ráða framvindu uppbyggingar. Matvælastofnun telur ekki vera ástæðu til útgáfu á rekstrarleyfi sem gerir ráð fyrir minna eldismagni en umsókn fyrirtækisins gerir ráð fyrir en bendir jafnframt á að vöktunaráætlun Fjarðalax gerir ráð fyrir vöktun allra eldissvæða sem miðast við þær kynslóðir sem þar verða aldar. Í upphafi fer fram gunnsýnataka áður en eldissvæði er tekið í notkun í fyrsta skipti, þegar eldi einnar kynslóðar er að ljúka er framkvæmd lokasýnataka þegar lífrænt álag er í hámarki og síðan er tekin hvíldarsýnataka þegar hvíldartíma eldissvæðisins er lokið, áður en næsta útsetning fer fram. Bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati Umhverfisstofnunar getur stofnunin frestað útsetningu, þrátt fyrir að tilskildum hvíldartíma sé lokið. Vöktunin verður til þess að framvinda eldisins verður í takti við umhverfisástand hvers eldissvæðis á hverjum tíma og þess vegna telur Matvælastofnun ekki tilefni til að rekstrarleyfið verði gefið út með áfangaskiptingu m.t.t. framleiðslu.

Skipulagsstofnun telur bagalegt að ekki sé lagður fram valkostur sem felur ekki í sér eldi við Hlaðseyri, þar sem fyrir liggur að svæðið hefur ekki staðist væntingar. Þá gerir Skipulagsstofnun athugasemdir við að fyrirtækið leggi ekki fram frekari gögn um svæðið við Hlaðseyri og leggi ekki mat á hversu mikið eldismagn svæðið getur borið, fyrst að Fjarðalax vill halda möguleika á eldi á svæðinu áfram. Ekki liggur fyrir hversu mikið magn eldissvæðið við Hlaðseyri beri en niðurstöður vöktunar benda til þess að það sé minna en áður var gert ráð fyrir. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í starfsleyfi verði kveðið sérstaklega á um hámarkslífmassa á eldissvæðinu við Hlaðseyri með hliðsjón af fenginni reynslu. Matvælastofnun tekur undir með Skipulagsstofnun að mikilvægt sé að fyrirtækið leggi mat á hversu mikið eldismagn svæðið að Hlaðseyri geti borið. Stofnunin kallaði eftir mati Fjarðalax vegna eldissvæðisins að Hlaðseyri og er mat fyrirtækisins að hámarkslífmassi fari aldrei yfir 2.000 tonn á hverjum tíma. Í bæði starfsleyfi og rekstrarleyfi Fjarðalax er kveðið sérstaklega á um hámarkslífmassa á eldissvæðinu að Hlaðseyri.

### **Eðliseiginleikar og burðarþol sjávar**

Í fyrra álitni Skipulagsstofnunar árið 2016 kemur fram að stofnunin telji áhrif fyrirhugaðs eldis á eðliseiginleika og burðarþol sjávar talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum og að styrkur uppleystra næringarefna sjávar aukist á stærra svæði út frá eldiskvíum. Áhrifin verði staðbundin og nái ekki yfir umfangsmikið svæði. Því taldi Skipulagsstofnun að áhrif eldisins á ástand sjávar í Patreks- og Tálknafirði yrðu nokkuð neikvæð, en afturkræf verði starfsemi hætt. Í síðara álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að áhrifin séu líkleg til að verða sambærileg og áhrif upphafslegs framkvæmdakostar. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið Skipulagsstofnunar að því leyti að skilyrði verði sett í starfsleyfi Umhverfisstofnunar um að vöktun á ástandi sjávar í fjörðunum verði með þeirri nákvæmni sem Hafrannsóknastofnun telur fullnægja til að hægt sé að meta burðarþol. Í gögnum vegna framkvæmdarinnar kemur fram sú afstaða Umhverfisstofnunar að mengunarvarnar- og vöktunarákvæði í þeim starfsleyfum sem felld voru úr gildi hafi verið fullnægjandi til að lágmarka mengun frá starfsemi. Með hliðsjón af ofangreindu og þess að áhrif eldisins eru staðbundin og afturkræf telur Matvælastofnun að þessi þáttur standi ekki í vegi fyrir því að rekstrarleyfið verði gefið út.

### **Lífríki á hafsbotni**

Í fyrra álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að lífrænn úrgangur og fódurleifar undir kvíunum og næst þeim muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á vistkerfið á hafsbotni. Þrátt fyrir markvissa stýringu á nýtingu eldissvæða og hvíld þeirra að lokinni slátrun megji búast við að áhrifin verði talsvert neikvæð staðbundið, en afturkræf. Í síðara álitni Skipulagsstofnunar vegna viðbótarvalkosta kemur fram að sýni niðurstöður vöktunar á eldissvæðum í fjörðum landsins að fiskeldi í sjókvíum hafi áhrif á afmörkuð svæði en í um 100 m frá eldiskvíum gæti áhrifa lítið eða ekki. Rannsóknir í Fossfirði í Arnarfirði gefi til kynna að mest af fódurleifum falli til botns undir sjókvíum og 20 m frá kvíum hafi um 50% fódurleifa botnfallið. Patreksfjörður er að jafnaði vel blandaður og súrefnisinnihald hátt, en súrefnisstyrkur sé lægstur í mesta dýpi fjarðarins á haustmánuðum. Fyrirhuguð eldissvæði eru ekki staðsett í dýpsta hluta Patreksfjarðar þar sem súrefnisstyrkur mælist lægstur á haustin.

Einnig kemur fram að nýr valkostur í Patreksfirði er frábrugðinn upphaflegum framkvæmdarkosti að því leyti að hann gefur kost á að snúa kvíum meira þvert á straumstefnu sem leiðir til meiri dreifingar á úrgangi og sé líklegur til að hafa jákvæð áhrif á uppsöfnun lífræns efnis á botni miðað við upphaflegan framkvæmdarkost. Skipulagsstofnun telur að áhrif upphaflegrar framkvæmdar á lífríki á hafsbotni verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin verði afturkræf verði starfseminni hætt. Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna nýs valkostar í Patreksfirði á botndýralíf verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin verða afturkræf ef starfseminni verði hætt. Mat Skipulagsstofnunar vegna nýs valkostar í Tálknafirði er að áhrif valkostarins verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær nokkuð neikvæð til óveruleg. Svæðum undir staðbundnu álagi mun fækka samanborið við upphaflegan framkvæmdarkost. Áhrifin eru afturkræf ef starfseminni verður hætt.

Matvælastofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar varðandi lífríki á hafsbotni, að áhrifin verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en nokkuð til óveruleg fjær og að áhrifin verði afturkræf verði starfseminni hætt. Fram kemur í gögnum málsins að vöktun á botndýrum verður samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins. Með hliðsjón af ofangreindu og þess að áhrif eldisins eru staðbundin og afturkræf telur Matvælastofnun að þessi þáttur standi ekki í vegi fyrir því að rekstrarleyfið verði gefið út.

### Fisksjúkdómar og laxalús

Skipulagsstofnun álitur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðs fiskeldis Arctic Sea Farm í Patreks- og Tálknafirði komi til með að felast í áhrifum fisksjúkdóma og laxalúsar á náttúrulega stofna og botndýralíf. Matvælastofnun vill árétta að skynsamlegt er að gera skýran greinarmun á áhrifum sjúkdómasmits á villta laxfiskastofna eftir eðli sjúkdómsvalda. Það getur reynst villandi að tengja saman áhættu af völdum örvera annars vegar (s.s. veirur og bakteríur) og sníkjudýra hins vegar (s.s. laxalús). Þá er einnig skýr munur á því hvort fjallað sé um dulið smit eða klínískan sjúkdóm. Reynslan hefur sýnt að smit af völdum baktería eða veira skaða ekki eða ógna villtum laxafiskastofnum. Ekki er óalgengt að dulið og náttúrulegt smit örvera sé til staðar í villtum stofnum án þess að sjúkdóms verði nokkurn tíma vart með klínískum einkennum. Þetta á sérstaklega við um veirur. Þekktir og alvarlegir veirusjúkdómar á borð við blóðþorra (ISA), brisdrep (IPN), brisveiki (PD), hjartarof (CMS), hjarta- og vöðvabólgu (PRV/HSMI), veirublæði (VHS) og iðradrep (IHN) hafa aldrei sést í klínískri mynd í náttúrulegu umhverfi, jafnvel þó vitað sé að veirusmit leynist í hjörðinni. Það sama er hægt að segja um nýrnaveiki af völdum bakteríunnar *Renibacterium salmoninarum*, en klínísk nýrnaveiki og afföll hafa aldrei sést við náttúruleg skilyrði. Í fáeinum tilvikum hafa bakteríusýkingar komið upp og ollið tímabundnum búsisfjum í ám. Má af því tilefni vísa til kýlaveikinnar sem kom upp í Elliðaánum síðla sumars 1995. Þess má geta að kýlaveiki (af völdum *Aeromonas salmonicida* spp. *salmonicida*) hefur aldrei komið upp í íslensku fiskeldi og þótti á sínum tíma ljóst að smit í Elliðaánnar hefði borist með villtum laxi frá hafbeitarstöðvum. Slíkir viðburðir eru einnig þekktir erlendis, en það sem er sameiginlegt með þessum tilfellum er að þau eru tímabundin og afturkræf. Í ljósi þessa vill Matvælastofnun undirstrika að áhætta af dreifingu mögulegra sjúkdómsvalda (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk er hverfandi lítil. Eðli málsins samkvæmt er það fyrst og fremst eldisfiskurinn sjálfur sem er í mestri hættu, ekki ólíkt og í öðrum hjarðbúskap þar sem mörgum einstaklingum er haldið á afmörkuðu svæði. Það er því brýnt að eldisstöðvar hafi yfir öflugum smitvörnum að ráða og innra eftirliti og forvörnum sé sinnt í takt við lögbundnar kröfur um fiskeldi.

Þá nefnir Skipulagsstofnun að með auknu eldi aukist líkur á að laxalús magnist upp í og við eldiskvíar sem eykur smitálag á villta laxfiskastofna á nærliggjandi svæðum. Matvælastofnun telur að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hætta á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Miðað við staðsetningar þeirra sjókvíaeldisstöða sem hér eru til umfjöllunar er hætta á lúsasmiti hverfandi.

Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að vakta og meta lúsasmit á vissum árstíma þegar aðstæður eru hvað hagstæðastar lúsinni. Skv. núgildandi reglugerð 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum skal eftirlit, m.a. með sníkjudýrum, vera áhættumiðað. Að þessu viðbættu er í lögum um fiskeldi kveðið á um að innra eftirlit sjókvíaeldisstöða skuli m.a. fela í sér

vöktun á viðkomu sníkjudýra í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur og niðurstöður vöktunar skal birta opinberlega.

Skipulagsstofnun telur að við veitingu rekstrarleyfis þurfi að setja skilyrði um ákveðið viðmið um heimilaðan fjölda laxalúsa á eldisfiski. Laxalús er skilgreind sem tilkynningaskyldur sjúkdómur í reglugerð 52/2014 um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma og álitur Matvælastofnun að ekki sé þörf á slíku viðmiði miðað við stöðu mála í dag. Verði sjókvíaeldisstöð vör við vaxandi lúsasmit skal það tilkynnt Matvælastofnun sem í kjölfarið metur og ákvarðar viðbrögð út frá aðstæðum hverju sinni, m.a. með faglegri aðkomu fisksjúkdómanefndar og umsögn Hafrannsóknastofnunar. Matvælastofnun staðfestir að viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir sem fram koma í matsskýrslu fyrirtækjanna séu fullnægjandi.

Einnig kemur fram í álitu Skipulagsstofnunar að þörf verði á að setja skilyrði um samræmda útsetningu seiða óskyldra fyrirtækja til að lágmarka hættu á að smit frá eldinu berist á milli árgangasvæða. Í rekstrarleyfi Matvælastofnunar eru sett skilyrði um að rekstrarleyfið sé bundið við yfirlýsingu leyfishafa um að hann viðhafi í tilvikum þar sem eldi er stundað samhlíða eldi annarra aðila, samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar. Slík ráðstöfun er mikilvægur þáttur í að tryggja a.m.k. 90 daga hvíldartíma svæða m.t.t. þekktara sjúkdómsvalda.

Hvað varðar nýja staðsetningarvalkosti er samhljómur í álitu Skipulagsstofnunar og þeirri skoðun Matvælastofnunar að þessi ráðstöfun muni fela í sér jákvæð áhrif á velferð og heilbrigði eldisfisks. Ný lega sjókvía býður upp á hagstæðari straumstefnu, aukið dýpi undir kvíum og jafnari vatnsskipti sem tryggir betra súrefnisflæði og minni líkur á uppsöfnun úrgangsefna við botn. Þrátt fyrir þessa breytingu álitur Skipulagsstofnun að áhrif nýrra valkosta sé háð töluverðri óvissu gagnvart villtum laxfiskum með tilliti til sjúkdóma og laxalúsar. Í því sambandi vísar Matvælastofnun til reynslu fiskeldis í sjó hér á landi sem sýnir að smit af völdum baktería eða veira skaða ekki eða ógna villtum laxfiskastofnum. Bættar eldisaðstæður með ríkari og jafnari vatnsskiptum og betri súrefnisstöðu mun tvímælalaust efla almennt heilbrigði og skila sér í styrkari mótstöðu gegn t.d. laxalús og þar með draga úr líkum á að laxalús magnist upp í og við eldiskvíar.

### **Erfðablöndun**

Í fyrra álitu Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að margföldun á umfangi fyrirhugaðs eldis í Patreks- og Tálknafirði skapi hættu á að óhöpp verði tíðari og umfang slysasleppinga (strok) verði meira en reynslan sýni. Skipulagsstofnun telur að eftir því sem fiskeldi aukist á Vestfjörðum sé líklegt að hætta aukist á því að eldislaxar nái að hrygna í vestfirskum ám og hafi möguleika á að blanda erfðaeftni við villtan lax. Skipulagsstofnun telur að ef blendingar ná fótfestu í viðkomandi laxastofni verði áhrifin varanleg og óafturkræf.

Ýmis gögn og upplýsingar varðandi erfðablöndun hafa komið fram frá því að upphafleg matsskýrsla var gefin út árið 2016. Helst ber að nefna áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi sem Hafrannsóknastofnun gaf út 2017. Áhættumatið gerir ráð fyrir að hægt sé að ala allt að 20.000 tonn af frjóum laxi í Patrek- og Tálknafirði án þess að erfðablöndun hafi áhrif á stofngerð þeirra náttúrulega stofna sem tekið er tillit til.

Eldisbúnaður sem fyrirtækið mun notast við er samkvæmt staðli NS 9415:2009 sem uppfyllir ströngustu staðla fyrir fiskeldismannvirki í sjó sem minnkar líkur á að fiskur sleppi. Þá hefur Matvælastofnun ákveðið að notast við áhættumat Hafrannsóknastofnunar til þess að minnka líkur á mögulegri erfðablöndun milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Með því að fylgja áhættumati Hafrannsóknastofnunar telur Matvælastofnun að verið sé að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna og koma í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra. Rekstrarleyfið sem Matvælastofnun gefur út í Patreks- og Tálknafirði rúmast innan áhættumatsins og með því er áhætta vegna erfðablöndunar á náttúrulega stofna lágmarkuð.

### **Aðrar sjávarnytjar**

Í fyrra álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að fyrirhugað eldi muni þrengja að siglingarleiðum um Tálknafjörð en siglingaröryggi hafi verið tryggt í samráði við viðeigandi stofnanir. Samkvæmt grunnskráningu á sjávarnyrtjum sé sjóstangveiði og æðarnytjar í nágrenni eldissvæða. Fram kemur að eldið muni draga að botnfisk og þar með ekki hafa neikvæð áhrif á sjóstangveiði en óvissa sé um áhrif framkvæmdarinnar á hlunnindanýtingu af æðavarp. Skipulagsstofnun telur að áhrif nýs valkostar í Patreks- og Tálknafirði á aðrar sjávarnyrtjar séu líkleg til að verða þau sömu og upphaflegs framkvæmdarkostar.

Ný valkostur í Tálknafirði felur ekki í sér eldissvæði við Sveinseyri og Suðureyri, eins og gert var ráð fyrir í upphaflegum framkvæmdarkosti. Eldissvæðin að Sveinseyri og Suðureyri eru þau eldissvæði sem eru næst æðarvarpi í Tálknafirði. Því telur Skipulagsstofnun að nýr valkostur í Tálknafirði sé ólíklegri til að hafa áhrif á æðarvarp en upphaflegur framkvæmdakostur. Umrædd eldissvæði eru einnig staðsett þar sem Tálknafjörður er hvað þrengstur áður en komið að höfninni og því kann nýr valkostur í Tálknafirði að hafa minni áhrif á siglingar en upphaflegur framkvæmakostur. Matvælastofnun telur líklegt að eldið muni ekki hafa neikvæð áhrif á sjóstangveiði þar sem eldiskvíarnar dragi að fisk sem getur leitt til aukinnar veiði sjóstangaveiðimanna. Stofnunin tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar um að nýr valkostur fyrirtækisins í Patreksfirði verði þau sömu og fyrri valkostur gerði ráð fyrir en nýr valkostur í Tálknafirði muni stuðla að minni áhrifum á bæði æðarvarp og siglingar í firðinum.

### Minjar

Í fyrra álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að áhrif fyrirhugaðs eldis á náttúru- og menningarminjar verði óveruleg. Í síðara álitum stofnunarinnar telur Skipulagsstofnun að áhrif nýrra valkosta verði þau sömu, þ.e. óveruleg. Fram kemur í umsögn Minjastofnunar Íslands að bæði upphaflegur og nýr framkvæmdarkostur hafi ekki áhrif á fornminjar sé litið til upplýsinga úr greinargerð um neðansjávarminjar í Patreks- og Tálknafirði. Að því sögðu telur Matvælastofnun að áhrif fyrirhugað eldis fyrirtækisins á náttúru- og menningarminjar verði óveruleg sbr. upplýsingar frá Minjastofnun Íslands.

### Sjónræn áhrif, ferðamennska og útivist

Í fyrra álitum Skipulagsstofnunar segir að stofnunin telur að sjónræn áhrif verði helst í námunda við eldissvæði hverju sinni en takmörkuð á öðrum hlutum Patreks- og Tálknafjarðar og sjónræn áhrif verði nokkuð neikvæð. Einnig telur stofnunin að samlegð framkvæmdanna með öðru sjókvíaeldi á Vestfjörðum muni leiða til talsvert neikvæðra sjónrænna áhrifa og neikvæðrar upplifunar ferðamanna og útivistarfólks sem eigi leið um Vestfirði. Skipulagsstofnun telur að nýr valkostur feli í sér óbreytt áhrif á landslag, ferðaþjónustu og útivist samanborið við upphaflegan framkvæmdarkost. Skipulagsstofnun telur nýjan valkost í Tálknafirði jákvæðan samanborið við upphaflegan framkvæmdarkost þar sem ekki er gert ráð fyrir eldissvæði að Suðureyri. Skipulagsstofnun telur að vægi áhrifa á landslag, ferðaþjónustu og útivist það sama óháð valkostum.

Matvælastofnun áréttir að það er pólitísk ákvörðun að leyfa sjókvíaeldi við Íslandsstrendur m.a. til að skapa skilyrði fyrir uppbyggingu slíks eldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Sjókvíaeldi takmarkast samkvæmt, auglýsingu 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og eru umrædd svæði á Vestfjörðum innan þeirra marka. Ljóst er að mati stofnunarinnar að framkvæmdirnar eru afturkræfar hvað varðar ásýnd.

### Íbúa- og atvinnuþróun

Varðandi íbúa- og atvinnuþróun kemur fram í fyrra álitum Skipulagsstofnunar að stofnuninni sé ekki kunnugt að rannsókn hafi verið gerð á samfélagslegum áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum og því sé ekki mögulegt að fullrða um áhrif fiskeldis á íbúaþróun, en álitid er gefið út í september 2016. Í síðara álitum stofnunarinnar kemur fram að nýir valkostir felast eingöngu í breyttum staðsetningum eldissvæða og hafa því sömu áhrif á íbúa og atvinnuþróun og upphaflegur framkvæmdarkostur. Skv. skýrslu Byggðarstofnunar, Byggðarleg áhrif fiskeldis, sem gefin var út í ágúst 2017 kemur fram að íbúum á sunnanverðum Vestfjörðum hafi fjölgað undanfarin ár. Einnig kemur þar fram að áhrifa fiskeldis gæti nú þegar á svæðinu og áætlanir gera ráð fyrir enn meiri framleiðslu sem kallar á fólksfjölgun til að mæta þörf fyrir aukin vinnuafli sem aftur kallar á uppbyggingu á svæðinu. Í umsögn Tálknafjarðarhrepps kemur fram að fiskeldi hafi jákvæð áhrif á samfélagið í Tálknafirði og í því samhengi megi nefna fjölgun ungs fólks í samfélaginu, verulega aukin umsvif vegna uppbyggingar fiskeldisins og aukna atvinnu heimamanna við þá uppbyggingu, nýtingu hafnarmannvirkja og að einnig megi

finna fyrir jákvæðum áhrif umsvifanna á bjartsýni og framtíðarhorfur í samfélaginu almennt. Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar hafi jákvæð áhrif á íbúa- og atvinnubrúun á svæðinu.

### 3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar þann 23. október 2017. Stofnunin óskaði aftur eftir umsögnum ofangreindra vegna endurútgáfu rekstrarleyfanna þann 12. júní 2019.

Í fyrri umsögn Fiskistofu, dags. 10. nóvember 2017, kemur fram að stofnunin telji að áhætta vegna sjókvíaeldis felist í mögulegum áhrifum af því að strokulax af norskum uppruna blandist villtum laxi (erfðablöndun) og telur stofnunin að taka eigi mið af áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi við útgáfu rekstrarleyfisins. Við útgáfu rekstrarleyfisins mun Matvælastofnun fylgja áhættumati Hafrannsóknastofnunar til að takmarka möguleg áhrif af erfðablöndun. Annar áhættuþáttur vegna sjókvíaeldis er að mati Fiskistofu að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geti smitað villtan fisk og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra. Fiskistofa nefnir að með auknum fjölda fiska og samþjöppun, eins og sjókvíaeldi felur í sér, eykst hættu á sjúkdóms- og sníkjudýrategndum vandamálum. Matvælastofnun vísar í kafla um fisksjúkdóma og laxalús í afstöðu stofnunarinnar til mats á umhverfisáhrifum. Í umsögn Fiskistofu kemur einnig fram hvort ekki eigi að setja skilyrði í rekstrarleyfi um viðbrögð við laxalús og álitur Matvælastofnun að ekki sé þörf á að því þar sem laxalús er skilgreind sem tilkynningaskyldur sjúkdómur og verði rekstraraðili var við vaxandi lúsasmit skal það tilkynnt Matvælastofnun sem í kjölfarið metur og ákvarðar viðbrögð út frá aðstæðum hverju sinni, m.a. með faglegri aðkomu fisksjúkdómanefndar og umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Í síðari umsögn Fiskistofu, dags. 15. ágúst 2019, ítrekar stofnunin þá áhættuþætti, erfðablöndun og sjúkdóma, sem sjókvíaeldi getur haft á náttúrulega stofna. Stofnunin bendir á að í nóvember 2013 hafi orðið óhapp hjá Fjarðalax í Patreksfirði og sumarið 2014 hafi veiðst kynþroska eldislaxar í Ósá í Patreksfirði sem staðfestir að eldisfiskar geti blandast villtum fiski ef þeir berast í ár þar sem hrygningarskilyrði eru til staðar og náttúrulegur stofn. Fiskistofa telur mikilvægt að setja yrustu kröfur um búnað og starfsemi sjókvíaeldisstöðva. Matvælastofnun tekur undir það og minnir jafnframt á að fyrirtækið notast við vottaðan búnað og starfsemi þeirra sé innan áhættumats Hafrannsóknastofnunar.

Í fyrri umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 27. nóvember 2017, kemur fram að stærðargráða fyrrhugaðs laxeldis sé fordæmalaus á Íslandi og telur stofnunin að mikil áhætta sé tekin t.d. vegna laxalúsa og ekki sé öruggt að mótvægisáðgerðir gegn henni dugi og tekur Hafrannsóknastofnun undir með Skipulagsstofnun að setja eigi viðmið varðandi laxalús. Í ljósi framgreint er bent á að við útgáfu rekstrarleyfa fylgir Matvælastofnun niðurstöðum úr burðarþolsmati og áhættumati Hafrannsóknastofnunar sem gerir ráð fyrir að óhætt sé að ala 20.000 tonn af laxi fiski í fjörðunum m.t.t. lífræns álags og erfðablöndunar. Matvælastofnun álitur að ekki sé þörf á að því að setja viðmið þar sem laxalús er skilgreind sem tilkynningaskyldur sjúkdómur og verði rekstraraðili var við vaxandi lúsasmit skal það tilkynnt Matvælastofnun sem í kjölfarið metur og ákvarðar viðbrögð út frá aðstæðum hverju sinni, m.a. með faglegri aðkomu fisksjúkdómanefndar og að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar. Taka ber fram að í fisksjúkdómanefnd sitja tveir fulltrúar Hafrannsóknastofnunar.

Hafrannsóknastofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd geti haft neikvæð vistfræði- eða erfðafræðiáhrif á stofna laxfiska á sunnanverðum Vestfjörðum. Stærðargráða eldisins og nýjar upplýsingar varðandi lúsasmit (laxalús- og fiskilús) og sjúkdóma í laxeldi á Íslandi styðja þá skoðun. Óvissa ríkir um áhrif á nytjastofna í hafi verði lyfjagjöf vegna laxalúsa tíðari en nú er. Matvælastofnun bendir á að hver einstök ákvörðun um meðhöndlun vegna lúsar er metin af fisksjúkdómanefnd skv. lögum 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum og umsögn Hafrannsóknastofnunar. Þegar kemur að notkun lyfja gegn lúsasmiti er mikilvægt að farið sé eftir leiðbeiningum framleiðenda og þess dýralæknis sem ávísar lyfinu. Einnig ber að nefna að niðurbrot og útpynning lyfja fer eftir umhverfisþáttum, t.d. hitastigi, straumum og seltu og við notkun lyfja ber ávallt að skoða samverkandi umhverfisþætti sem geta haft áhrif á dreifingu, niðurbrot og þynningu.

Hafrannsóknastofnun telur að vegna nýrra upplýsinga um erfðablöndun eldislaxa og villtra laxa á Vestfjörðum er ekki óvarlegt að draga þá ályktun að umhverfisáhrif m.t.t. erfðablöndunar geti orðið umtalsverð en umfang framkvæmdarinnar samt sem áður innan marka áhættumatsins sem nú hefur lögformlegt gildi og mun Matvælastofnun fylgja áhættumati Hafrannsóknastofnunar til að takmarka möguleg áhrif af erfðablöndun við útgáfu rekstrarleyfisins. Matvælastofnun óskaði eftir álitni Hafrannsóknastofnunar á fjarlægðarmörkum milli eldissvæða fyrirtækjanna en Hafrannsóknastofnun tók ekki afstöðu til þess umfram það sem fram kemur í reglugerð 1170/2015 um fiskeldi. Rekstrarleyfi Matvælastofnunar verða gefin út með því skilyrði að starfsemi fyrirtækjanna sem verða með rekstrarleyfi í Patreks- og Tálknafirði verði samræmd.

Í síðari umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 19. júní 2019, tekur stofnunin undir með Skipulagsstofnun um að mikilvægt sé að sannreyna að lífrænt álag eldissvæða sé tímabundið og afturkræft með reglubundnum vöktunum. Hafrannsóknastofnun bendir á að vöktun á álagi sé forsenda fyrir endurmati á burðarþoli þeirra svæða sem nú þegar hafa verið metin til burðarþols. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að matsskýrslur innihaldi nýjustu gögn frá umræddri vöktun og þá er sérstaklega átt við upplýsingar úr lúsatalningum.

Rekstrarleyfi Matvælastofnun verður innan útgefins burðarþolsmats Hafrannsóknastofnunar og tekur Matvælastofnun undir það að vöktun á lífrænu álagi sé forsenda fyrir endurmat á burðarþoli þeirra svæða sem hafa nú þegar verið metin til burðarþols. Fyrirtækin hafa skilað inn vöktunaráætlun þar sem vöktun hvers eldissvæðis sem notað verður miðast við kynslóðatíma. Fyrst fer fram gunnsýnataka áður en eldissvæði er tekið í notkun í fyrsta skipti, þegar eldi einnar kynslóðar er lokið er framkvæmd lokasýnataka þegar lífrænt álag er í hámarki og síðan er tekin hvíldarsýnataka þegar að hvíldartíma eldissvæðisins er lokið, áður en næsta útsetning fer fram. Niðurstöður þessa sýnataka munu gefa niðurstöður um það hvernig ástand eldissvæða er á hverjum tíma. Matvælastofnun tekur undir með Hafrannsóknastofnun um mikilvægi þess að matsskýrslur innihaldi nýjustu gögn vöktunar framkvæmdaraðila.

Við útgáfu rekstrarleyfa fylgir Matvælastofnun burðarþolsmati og áhættumati Hafrannsóknastofnunar sem gerir ráð fyrir að óhætt sé að ala 20.000 tonn af laxi fiski í fjörðunum m.t.t. lífræns álags og erfðablöndunar.

Í fyrri umsögn Tálknafjarðarhrepps, dags. 20. nóvember 2017, kom fram að sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps gerði ekki athugasemdir við fyrirhugaða útgáfu rekstrarleyfa Fjarðalax og Arctic Sea Farm, enda fylgi starfsemin fyrirtækjanna þeim lögum sem gilda um slíka framkvæmd og er jafnframt í samræmi við (þá) nýútgefið áhættumat fyrir laxeldi. Sveitarstjórnin gerir ekki athugasemd við að fjarlægðarmörk milli fyrirtækjanna séu skemmri en kveðið er á um í reglugerð enda hyggjast fyrirtækin samræma sínar áætlanir er varða útsetningu seiða og hvíld fjarðanna.

Í síðari umsögn Tálknafjarðarhrepps, dags. 5. júlí 2019, kemur fram að sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps hafi fylgst með uppbyggingu fiskeldi á sunnanverðum Vestfjörðum frá upphafi þorskeldis í firðinum og síðar laxeldis frá 2009. Jákvæð áhrif fiskeldis á samfélagið í Tálknafirði séu ótvíræð og má þar nefna fjölgun ungs fólks í samfélaginu, verulega aukin umsvif vegna uppbyggingar fiskeldisins og aukna atvinnu heimamanna við þá uppbyggingu, nýtingu hafnarmannvirkja og ekki síst jákvæð áhrif umsvifanna á bjartsýni og framtíðarhorfur í samfélaginu almennt.

Mat sveitastjórnar Tálknafjarðarhrepps er að staðsetning eldissvæðanna gefi ekki tilefni til að ætla að náttúrulegar aðstæður valdi neikvæðum vistfræði- og erfðafræðiráhrifum af starfseminni. Eldi hafi verið við Laugardal í nokkur ár og ekkert gefi til kynna að svæðið þoli ekki aukið eldi, straumar þar séu sterkir út fjörðinn og því eru þynningaráhrif þeirra á eldið og hugsanlegar lífrænar leifar sem falla þar til mikil og straumarnir fljóttir að bera allt efni frá eldinu. Tálknafjarðarhreppur gerir ekki athugasemdir við fjarlægðarmörk milli eldissvæðanna og telur að þau séu fullnægjandi til að uppfylla kröfur þar um. Fjarlægð eldissvæðanna sé næg enda séu þau staðsett við sitt hvora strönd fjarðarins ásamt því að Hvannadalur sé töluvert utar í firðinum en Laugardalur sem gerir það að verkum að eldissvæðin standast ekki á, sitt hvoru megin við fjörðinn. Tálknafjarðarhreppur bendir að brýn nauðsyn sé fyrir því að eldisfyrirtækin vinni allar merkingar og kynningu á staðsetningum sínum í nánú samstarfi við Tálknafjarðarhöfn, Samgöngustofu og Landhelgisgæslu Íslands til að tryggja sem best vitneskju sjófarenda um staðsetninguna. Í fyrra álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að fyrirhugað eldi muni þrengja að siglingarleiðum um Tálknafjörð en siglingaröryggi hafi verið

tryggt við viðeigandi stofnanir. Eldissvæði að Sveinseyri og Suðureyri í Tálknafirði voru tekin út í nýjum valkosti framkvæmdarinnar og voru þau eldissvæði staðsett þar sem fjörðurinn var hvað sem þrengstur áður en komið er að höfninni. Með því að fjarlægja þessi tvö eldissvæði hefur nýr valkostur minni áhrif á siglingar en upphaflegur framkvæmdarkostur. Samt sem áður er Hvannadalur töluvert utar í firðinum en Laugardalur. Kröfur vegna merkinga sjókvíaeldisstöðva eru settar fram í 32. gr. reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi og viðauka 5 og þar er farið fram á að stöðvarnar séu merktar þannig að þær séu vel sjáanlegar sjófarendum m.a. með því að á jaðri sjókvíaeldisstöðvar sé gult merki og gult endurskinsmerki, radarspegill, gult ljós eða lýsing frá eldiskvíum eða fleka. Skila þarf til Landhelgisgæslu Íslands upplýsingum er varða hnitasetningar ankera og tóga. Einnig eru gerðar kröfur um að flot sem notuð eru til merkingar skulu vera gul á litinn og óbein lýsing eða önnur lýsing við eða á sjókvíaeldisstöð megi ekki blinda sjófarendur. Tálknafjarðarhreppur ítrekar þær kröfur sveitarfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum að allt eftirlit verði skv. ýrtruðu kröfum laga og reglugerða og að þar til bærar stofnanir standi sig í sínu hlutverki og tekur Matvælastofnun heilshugar undir það.

Í fyrri umsögn Vesturbyggðar, dags. 10. nóvember 2017, kemur fram að bæjarráð geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða leyfisveitingu rekstrarleyfa til Fjarðalax og Arctic Sea Farm enda sé það í samræmi við burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar. Bæjarráðið gerir ekki athugasemdir við að fjarlægðarmörk milli fyrirtækjanna verði skemmri en 5 km eins og kveður á um í reglugerð um fiskeldi enda ætli fyrirtækin að samræma útsetningu seiða og hvíld fjarðanna.

Í síðari umsögn Vesturbyggðar, dags. 10. júlí 2019, kemur fram að Vesturbyggð vísi á fyrirliggjandi gögn frá Hafrannsóknastofnun, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og fyrirtækjunum sjálfum er varðar áhrif eldisins á náttúrulegar aðstæður, enda sé tryggt eftir fremsta megni að áhrifin verði sem minnst. Vesturbyggð gerir ekki athugasemd við að fjarlægðarmörk milli kvía séu skemmri en 5 km enda sé tryggt að smitsjúkdómar og laxalúsasmit berist ekki frá einu eldissvæði til annars. Ráðstafanir í þeim efnum hafa verið teknar í Patrekshöfn þar sem fyrirtækin hafa bæði aðstöðu en nokkur fjarlægð er á milli þeirra svæða til að draga enn frekar úr hættu á smitsjúkdómum. Vesturbyggð nefnir einnig að fyrirtækin hafi samræmt útsetningu seiða og tímasetningar sem og samræmt hvíld fjarðarins. Með vísan til framangreinds geri Vesturbyggð því ekki athugasemdir við skemmri fjarlægðarmörk milli eldissvæða Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreksfirði. Matvælastofnun staðfestir að umrædd fyrirtæki hafi gert með sér samkomulag er varðar samræmda útsetningu seiða, samræmdan hvíldartíma, hafi samvinnu um sjúkdómavarnir og viðbrögð við sjúkdómum og vöktun laxalúsar í fjörðunum.

#### 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust tvær athugasemdir á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar, annars vegar frá Landssambandi veiðifélaga og hins vegar Óttari Yngvasyni f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lífi, Akurholts ehf., Geiteyrar ehf., Ara P. Wendel, Víðis Hólm Guðbjartssonar, Atla Á. Ólafssonar, Varplands ehf. og Veiðifélags Laxár á Ásum.

Hér að neðan fylgir úrdráttur úr athugasemdum ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim.

Landssamband veiðifélaga (LV) sendi athugasemdir til Matvælastofnunar þann 29. júlí 2019.

- *LV bendir á að af fyrirliggjandi tillögu að rekstrarleyfi verði ekki ráðið að leyfisveitandinn, Matvælastofnun, hafi kynnt sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina líkt og lög mæla fyrir um. Þá verði ekki séð að stofnunin uppfylli lagaskyldu sem kveður á um að leyfisveitandi skuli taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.*

Við meðferð málsins hefur Matvælastofnun fylgt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, þ.m.t. varðandi rannsóknarskyldu stofnunarinnar. Matvælastofnun hefur nú, samhliða birtingu leyfisins, birt rökstudda afstöðu sína til álits Skipulagsstofnunar.



- *LV gerir athugasemd við að Matvælastofnun hafi ekki tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar og greint frá þeirri afstöðu við birtingu á tillögu að rekstrarleyfi. LV tekur fram að í greinargerð með frumvarpi um breyting á lögum um fiskeldi komi fram að áður en tillaga að leyfum er auglýst eða í síðasta lagi við birtingu leyfis munu Matvælastofnun og Umhverfisstofnun fara yfir og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar.*

Þrátt fyrir bráðabirgðaákvæði laga nr. 101/2019 um lagaskil ákvað Matvælastofnun að auglýsa fyrirhugaða útgáfu rekstrarleyfisins. Matvælastofnun hefur nú, samhliða ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfisins, birt rökstudda afstöðu sína til álits Skipulagsstofnunar.

- *LV gerir athugasemd við því að í bráðabirgðaákvæði laganna c (III.), komi fram að „sé rekstrarleyfi sem veitt var samkvæmt eldri löggjöf fellt úr gildi vegna annmarka á leyfisveitingu, skulu ákvæði eldri laga gilda um afgreiðslu nýrra umsókna vegna áðurnefndra leyfa.“ LV minnir á að tillaga að rekstrarleyfinu sé tilkomin vegna endurnýjunar rekstrarleyfa sem ÚUA felldi úr gildi af þeirri ástæðu að talinn var skortur á umræðu um valkosti í umhverfismati og þar með falli leyfisveiting Matvælastofnunar nú undir bráðabirgðaákvæði nýju laganna.*

Meðferð málsins og afgreiðsla fór skv. Bráðabirgðaákvæði laganna, með þeirri undantekningu að tillaga að fyrirhuguðu leyfi var auglýst opinberlega.

Óttar Yngvason sendi, f.h. ofangreindra aðila, athugasemdir til Matvælastofnunar þann 2. ágúst 2019.

- *Í athugasemdunum er farið fram á að útgáfu rekstrarleyfis verði hafnað á grundvelli tillögu að rekstrarleyfi vegna laxeldisstóriðju í opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði og að gert verði nýtt og sjálfstætt umhverfismat fyrir eldisframkvæmd í hvorum firði, áður en nýjar tillögur að rekstrarleyfum fyrir hvora framkvæmd verða auglýstar.*

Við meðferð málsins hefur lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lögum nr. 71/2008 um fiskeldi verið fylgt. Stofnunin telur að málsferð sé í samræmi við lög og skilyrði fyrir eldinu séu uppfyllt og hefur því ákveðið að gefa út rekstrarleyfið.

- *Í athugasemdunum er þess getið að umsókn um rekstrarleyfi sé hvergi að finna. Þá segir jafnframt að umsókn frá 2016 geti ekki verið grundvöllur leyfisveitingar þar sem rekstrarleyfið var kært til ógildingar og með úrskurðinum hafi umrætt rekstrarleyfi ásamt umsókninni frá 2016 orðið úr sögunni. Umsóknin frá 2016 hafi verið byggð á matsskýrslu framkvæmdaraðila og áliti Skipulagsstofnunar, sem ÚUA taldi ekki verið lögmætan grundvöll fyrir ákvörðun um veitingu leyfis til framkvæmdarinnar og þ.a.l. geti umsóknin frá 2016 ekki verið grundvöllur leyfisveitingar. Þá segir í athugasemdum að umsókn um rekstrarleyfi sé lagaskylda skv. 8. gr. laga 71/2008 um fiskeldi.*

Fjarðalax sótti um rekstrarleyfi vegna sjókvíaeldis á laxi þann 26. Júlí 2016 og var rekstrarleyfi þeirra gefið út 22. desember 2017. Leyfið var síðar úrskurðað ógilt af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í lok september 2018. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi fyrir Fjarðalax 5. júlí sl. en eins og fram kom í auglýsingu stofnunarinnar var umsókn frá 26. júlí endurvakin.

- *Gerð er athugasemd við að efnisatriði í tillögu að rekstrarleyfi sé ófullnægjandi. Nefnt er að breytt orðalag er varðar notkun á erfðavísunum frá skýru orðalagi í 14. gr. reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi.*

Matvælastofnun telur að efni rekstrarleyfisins uppfylli ákvæði laga um fiskeldi varðandi notkun á erfðavísunum.

- *Gerð er athugasemd um að skv. ákvæðum laga 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skuli útgefandi rekstrarleyfis kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðili um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Nefnt er að engin slík rökstudd afstaða Matvælastofnunar liggja fyrir.*

Við meðferð málsins hefur Matvælastofnun fylgt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, þ.m.t. varðandi rannsóknarskyldu stofnunarinnar. Matvælastofnun hefur nú, samhliða ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfisins, birt rökstudda afstöðu sína til álits Skipulagsstofnunar.

- *Gerð er athugasemd varðandi umhverfismatið. Nefnt er að heimatilbúin valkostaumfjöllun komi ekki í stað umhverfismats og mótmæla öllum hugmyndum um slíkt, enda eru að mati þeirra önnur atriði, sem fjalla verður um í nýju umhverfismati. Einnig kemur fram í athugasemdum að umhverfismatið sé úrelt og geti því ekki verið í fullu gildi í skilningi tilskipunar 2014/52/ESB og sem slíkt ekki verið grundvöllur nýrrar ákvörðunar skv. 13. gr. laga nr. 106/2000. Að þeirra mati er staðan gjörbreytt frá því að matsskýrslan var unnin og sem álit Skipulagsstofnunar byggir á og margvísleg gögn komið fram.*

Matvælastofnun telur að málsmeðferð, þ.m.t. matsskýrslur, vegna framkvæmdarinnar sé í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og sé fullnægjandi til að taka ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis.

- *Gerð er athugasemd um að um sameiginlega umhverfismatsskýrsla sé að ræða fyrir Patreksfjörð og Tálknafjörð.*

Heimilt er að meta umhverfisáhrif sameiginlega í þeim tilvikum þar sem matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði eða framkvæmdir eru háðar hver annarri. Er þá gerð ein tillaga að matsáætlun fyrir framkvæmdirnar og ein frummatsskýrsla og matsskýrsla. Þá er bent á að í skýrslum Hafrannsóknastofnunar um burðarþolsmat og áhættumat vegna erfðablöndunar er svæðin metin sem eitt svæði.

- *Gerð er athugasemd um að framkvæmdin sé gjörbreytt frá því sem fjallað var um í frummatsskýrslu í maí 2016. Bent er á að nýtt eldissvæði sé í Tálknafirði (Hvannadalur) í stað eldra svæðis (Akravík). Þá séu eldissvæði í Patreksfirði (Kvígindisdalur) með nýja og breytta staðsetningu. Einnig bendir hann MAST á að ekki sé 5 km fjarlægð á milli eldissvæða óskyldra aðila.*

Matvælastofnun bendir á að fyrri frummatsskýrsla vegna framkvæmdarinnar var gefin út 30. september 2015 en fyrri matsskýrsla var gefin út 6. maí 2016. Í athugasemdum er líklega við um matsskýrslu. Stofnunin tekur ekki undir sjónarmið í athugasemdum að framkvæmdin sé gjörbreytt frá upphaflegri matsskýrslu (6. maí 2016). Framkvæmdin er í óbreytt fyrir utan staðsetningar eldissvæða í hvorum firði fyrir sig auk ýtarlegri valkostaumfjöllunar. Í Patreksfirði var eldissvæðið að Kvígindisdal fært til þannig að kvíarnar myndu snúa meira þvert á megin straumstefnu sem er jákvætt m.t.t. umhverfisáhrifa og vegna velferðar fiskisins. Í Tálknafirði var eldissvæðið að Akravík sem var norðanverðum í firðinum flutt í sunnanverðan fjörðinn og kallast Hvannadalur. Með þeirri breytingu má ætla að stuðlað sé að betri dreifingu og þynningu úrgangs frá eldinu. Í 4. gr. reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi kemur fram varðandi lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila skal að meginviðmiði vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað. Matvælastofnun getur að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun og að fenginni umsögn sveitastjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva. Stofnunin hefur fylgt þessu ákvæði með því að hafa samráð við Hafrannsóknastofnun og óska eftir umsögn sveitastjórna svæðanna. Bæði Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur gera ekki athugasemdir vegna fjarlægðamarka milli framkvæmdaraðilanna. Matvælastofnun fór einnig fram á að fyrirtækin gerðu samkomulag sín á milli um að fyrirtækin ábyrgist að samræma útsetningu seiða, samræmi hvíldartíma, hafi samvinnu um sjúkdómavarnir, um viðbrögð við sjúkdómum og vöktun laxalúsar í fjörðunum.

- *Gerð er athugasemd um að rekstraraðilar virðist álíta skv. tl. 2.4. í viðbót við frummatsskýrslu að heildarlífmassi megi vera 12.200 tonn hjá Fjarðalax eða samtals 20.000 tonn hvert ár fyrir Fjarðalax*

*og Arctic Sea Farm samanlagt. Slíkum skilningi er alfarið mótmælt. Hámark árlegrar framleiðslu og þar með lífmassa Fjarðalax getur ekki farið umfram 10.700 tonn, enda engin heimild fyrir hendi til frekari handvalinnar framleiðsluaukningar í gegnum nýtt orðalag um „lífmassa“.*

Rekstrarleyfi Fjarðalax sem gefið var út 22. desember 2017 heimilaði 10.700 tonna framleiðslu á ári og 12.200 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Framleiðslumagn í kynslóðaskiptu eldi miðast við meðaltal ársframleiðslu slátraðra tonna af óslægðum eldisfiski úr kví einnar kynslóðar og miðast ársframleiðsla við almanaksár. Lífmassi er samanlagt margfeldi af fjölda og meðalþyngd fiska á tilteknu eldissvæði. Hámarkslífmassi gefur til kynna að lífmassi megi ekki á neinum tíma fara yfir þann hámarkslífmassa sem er uppgefin í rekstrarleyfi. Rekstrarleyfi Fjarðalax og Arctic Sea Farm í Patreks- og Tálknafirði gera ráð fyrir að hámarkslífmassi fyrirtækjanna fari aldrei yfir 20.000 tonn samanlagt á hverjum tíma og samræmist það burðarþolsmati fjarðanna. Í upphaflegri matsskýrslu fyrirtækjanna kemur fram að að sameiginlegur hámarkslífmassi fari aldrei yfir 20.000 tonn á hverjum tíma og því er það ekki ný ályktun fyrirtækjanna að álíta slíkan hámarkslífmassa í síðari frummatsskýrslu og matsskýrslu.

## 5. Breytingar frá auglýstri tillögu rekstrarleyfis

Matvælastofnun hefur gert breytingar á áður auglýstu rekstrarleyfi sem snúa að viðbót við ákvæði er varða tilkynningar rekstrarleyfishafa vegna mögulegs stroks á fiski skv. nýliðnum breytingum á lögum um fiskeldi og ákvæði er varðar reglugerð 1254/2008 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum.

## 6. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Fjarðalax til að framleiða 10.700 tonn af frjóum laxi í Patreks- og Tálknafirði. Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíaeldis í tveimur fjórðum þar sem sjókvíaeldissvæði P (Þúfnaeyri, Sandoddi og Hlaðseyri) eru í Patreksfirði og sjókvíaeldissvæði T (Laugardalur) er í Tálknafirði.

Matvælastofnun hefur með hliðsjón af tilmælum Hafrannsóknastofnunar sett viðbótarskilyrði um mótvægisáðgerðir í rekstrarleyfi til að draga úr áhættu fyrir villta laxastofna, þ.e. að draga úr áhættu á stroki útsettra seiða með því að samstillta möskvastærð netpoka og lágmarksstærð útsettra seiða og hinsvegar áðgerðir með ljósastýringu til að seinka kynþroska laxa í sjókvíum og draga þannig úr áhættu á laxi sem kann að sleppa.

Rekstrarleyfin byggir á skilyrðum laga 71/2008 um fiskeldi og reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi.

Rekstrarleyfin taka gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldisstöðvar er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfi Matvælastofnunar afhendir stofnunin útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 28. ágúst 2029.

Á sama tíma og rekstrarleyfi Fjarðalax (FE-1144) í Patreks- og Tálknafirði tekur gildi þá fellur úr gildi rekstrarleyfi Fjarðalax til bráðabirgða.

Selfossi, 28. ágúst 2019